

## Svar

### umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

1. *Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála?*

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála starfar samkvæmt lögum nr. 130/2011 og hefur það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á þessu sviði. Úrskurðarnefndin er sjálfstæð í störfum sínum.

Upplýsingar um löggjöf á sviði umhverfis- og auðlindamála sem úrskurðarnefndin starfar eftir er að finna á heimasíðu nefndarinnar, [www.uua.is](http://www.uua.is).

2. *Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?*

Heildarfjárheimild úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt fylgiriti fjárlaga fyrir árið 2020 er 145,5 millj. kr. Fjárheimildin er ætluð til að sinna verkefnum nefndarinnar en fjárheimildir stofnana eru ekki sundurliðaðar sérstaklega eftir lögbundnum verkefnum í fjárlögum.